

Kirkjufell

Porleifur Jóhannesson skráði.

Kirkjufellsbærinn (húsið) er vestan við **Kirkjufellsvaðal** (1), en sunnan undir **Kirkjufelli** (2). Túnið liggur fram á sjávarbakkana, og stendur húsið niður við sjóinn. Suður frá bænum er kallað **Suðurtún** (3) en **Niðurtún** (4) norður frá bænum.

Í Kirkjufelli var áður tvíþýli og auk þess hjáleiga, sem hét **Kirkjufellskot** (5); nú er einþýli á jörðinni. Þar sem syðri bærinn stóð, er nú kálgarður, sem er vestur frá íbúðarhúsinu. En þar sem nyrðri bærinn stóð, í austnorður frá húsinu, norður undir grjótgarði, sem hlaðinn er um túnið neðanvert (sjávarmegin) til þess að varna landbroti, er nú sléttað. Suður frá kálgarðinum (syðra bæjarstæðinu) gengur breiður bunguvaxinn en lágur hryggur, sem **Magáll** (6) heitir. Í bakkanum fram undan Magálnum sést á hleðslur út undan bakkanum, sagt er að mannabein hafi blásið þar út úr bakkanum. [Þetta hafði Bárður ekki heyrt.]

Norðast í túninu ofarlega er hóll, sem kallaður er **Kothóll** (7). Á honum stóð Kirkjufellskot.

Kirkjufellsland nær að **Búðá innri** (8), sem fellur í **Hellnafellsvaðal** (9) skammt fyrir utan Hellnafell. Litlu utar rennur önnur á; heitir hún **Búðá ytri** (10). Milli ána eru kallaðar **Spottar** (11). Eru það hallandi mýrar, sem ná upp að hæðum, sem heita **Bungur** (12). Upp af þeim heita **Bekkir** (13), sem eru grashjallar í fjallinu. Framan við Bungurnar vestanvert heita **Pverhliðar** (14). Ofan þær fellur lækur, sem fellur í Búðá ytri. Upp frá botni Hellnafellsvaðals gengur dalverpi, sem heitir **Innri-Húsadalur** (15). Neðst í honum eru einhverjar rústir. Fyrir utan hann gengur fram allstórt nes, sem **Styttingsnes** (16) heitir. Er Hellnafellsvaðall austan við það, en Kirkjufellsvaðall að vestan. Fyrir utan nesið, upp af eystra horni Kirkjufellsvaðals, er **Húsadalur, Ytri-** (17). Í honum eru og rústir niður við vaðalsbotninn. Upp af Húsadölunum er breiður dalur, sem **Seljadalur**

(18) heitir. Austan við gil sem fellur eftir dalnum, eru **Seltóftir** (19). Gilið heitir **Seljadalsgil** (20). Fellur það vestur í **Kirkjufellsá** (21). Upp af Seljadal og vestur frá honum er **Múlamýri** (22), suður og upp af henni eru dalir, sem **Siggudalir** heita. eru þeir tveir, **Efri-** (23) og **Neðri-** (24). Upp af þeim er belti, sem **Pröskuldur** (25) heitir, og fyrir ofan hann **Hærri-**(26) og **Lægribekkir** (27). Sunnan við Siggudali er móbergshryggur, sem **Langihryggur** (28) heitir – er hann framhald af Þöskuldi til austurs. Langihryggur nær niður að Búðá ytri; þar sem áin fellur niður af hryggnum er foss í henni, sem heitir **Nónfoss** (29).

Upp af Þöskuldinum eru kallaðir **Kerlingarhjallar** (30). Upp af þeim er hlíð, sem heitir **Fagrahlíð** (31). Vestan við Kirkjufellsá heitir **Hellishlíð** (32), upp yfir henni eru klettur, sem heita **Hellishlíðarhaus** (33). Vestarlega, en á bak við og ofar Hellishlíðarhaus, er hár og allstór tindur, sem heitir **Böðvarskúla** (34); austur frá kúlunni er vatn, sem ekki er kunnugt um nafn á. Fyrir vestan Kirkjufellsá, en upp yfir Kerlingarhjöllum vestanverðum, er klettatindur, sem er framhald af Mýrahyrnu suður eftir, en þó skarð á milli. Tindur þessi heitir **Kerling** (35).

Kirkjufellsá fellur vestan til í botn Kirkjufellsvaðals; þar sem áin fellur ofan hjallana og niður á sléttuna upp af botni vaðalsins, eru í henni þrjár fagrir fossar, eru þeir allir kallaðir **Kirkjufellsfossar** (36). Fyrir utan ána móts við efsta fossinn eru holt allmikil, sem ná upp undir hlíð Mýrahyrnu, holt þessi heita **Háholt** (37). Á innri brún Hálsins, sem er milli Kirkjufellsins og Mýrahyrnu, er sandhóll við þjóðveginn, sem heitir **Reiðhóll** (38). Upp af hálsinum í suðurtagli fellsins heita **Hærri-** (39) og **Lægrihjallar** (40).

Á Hellnafellsvaðli er sker, sem heitir **Selsker** (41).

Fyrir neðan túnið, niður með fellinu, eru mýrar, sem heita **Kilpar** (42). Ná þeir niður að nesi, sem heitir **Melnes** (43). Fyrir neðan Melnes eru mýrahallar, sem kallaðir eru **Kirkjufellsengjar** (44). Neðarlega gengur nes fram af þeim austur í fjörðinn, er það slétt og grösugt. Heitir það **Króanes** (45). Fram af Melnesinu er klettur fram á leirunum, heitir hann **Kirkjufellsklettur** (46).

Fyrir neðan **Bæjarlækinn** (47), sem rennur norðan við íbúðarhúsið, er flöt, sem kölluð er **Meinþrá** (48).

Stafrófsskrá örnefna

Bekkir 13	Seltóftir 19
Bungur 12	Siggudalur, Efri- 23
Búðá innri 8	Siggudalur, Neðri- 24
Búðá ytri 10	Spottar 11
Bæjarlækur 47	Styttingsnes 16
Böðvarskúla 34	Suðurtún 3
Efri-Siggudalur 23	Ytri-Húsadalur 17
Fagrahlíð 31	Þröskuldur 25
Háholt 37	Þverhlíðar 14
Hellishlíð 32	
Hellishlíðarhaus 33	
Hellnafellsvaðall 9	
Húsadalur, Innri- 15	
Húsadalur, Ytri- 17	
Hæribekkir 26	
Hærihjallar 39	
Innri-Húsadalur 15	
Kerling 35	
Kerlingarhjallar 30	
Kilpar 42	
Kirkjufell 2	
Kirkjufellsá 21	
Kirkjufellsengjar 44	
Kirkjufellsfossar 36	
Kirkjufellsklettur 46	
Kirkjufellskot 5	
Kirkjufellsvaðall 1	
Kothóll 7	
Króanes 45	
Langihryggur 28	
Lægribekkir 27	
Lægrihjallar 40	
Magáll 6	
Meinþrá 48	
Melnes 43	
Múlamýri 22	
Neðri-Siggudalur 24	
Niðurtún 4	
Nónfoss 29	
Reiðhóll 38	
Seljadalsgil 20	
Seljadalur 18	
Selsker 41	